

ur samdóma um, að fyrirmæli 5. gr. í lögum um sveitarstyrk og fúlgu 4. nóv. 72 1887 verði að skiljast þannig, að þau sjeu samrýmanleg við önnur gildandi lög, 23. júní. og kemur þá hjer einkum til greina 27. gr. í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884. Samkvæmt þessu verður að álíta, að hreppsnefndin hefði átt að segja ábylisjörð Gests Pjeturssonar lausri fyrir jól hin næstu á undan þeim fardögum, er hún heimtaði hann fluttan í, eða að öðrum kosti ábyrgjast allar afleiðingar gagnvart landsdrottni, sem upptaka leiguliðan saf jörðinni án löglegs fyrirvara gat haft í för með sjer. Með því að hún hvorugt gjörði, var sýslumanni ekki ábyrgðarlaust að verða við beiðni hreppsnefndarinnar um upptöku Gests og flutning á honum, er fyrst kom fram í brjefi, dags. 27. apríl 1892, og verður honum því ekki gefin sök á því, þótt hann yrði það ekki þegar í stað. Að því er snertir kröfu nefndarinnar um sölu á fjármunum Gests, er jeg yður samdóma um, að það sje rjett hjá sýslumanni, að uppskript samkvæmt 3. gr. fyrnefndra laga 4. nóv. 1887 sje ekki löglegur grundvöllur undir nauðungaruppboði, og að hreppsnefndin verði að heimta lögtak samkvæmt 2. gr. laganna eða fá dóm fyrir kröfu sinni, ef hún kýs það heldur, áður hún geti heimtað uppboð og sölu á hinum uppskrifuðu fjármunum; en að öðru leyti athugast, að það sjest eigi, hvort eptirriti af uppskriptargjörðinni ásamt útdrætti úr sveitarbókinni, að því er styrkinn snertir, hefur verið tilhlýðilega þinglýst, svo að óvíst er, hvort einu sinni hefur lagzt löglegt veðband á hina uppskrifuðu muni.

Þessu samkvæmt skal jeg þjónustusaml. leggja fyrir yður að svara þeim þremur fyrirspurnum\* hreppsnefndarinnar, sem jeg tjáði yður í framannefndu brjefi mínu, dags. 25. okt. 1892.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 73 sölu á þurrabúðum frá þjóðjörðum.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, 25. júní. í þókanlegu brjefi, dags. 22. f. m., vil jeg hjer með samþykkja þá beiðni þjóðjarðalandsetanna á Munaðarhóli, Gufuskálum og  $\frac{1}{2}$  Keflavík í Neshrepp ytri, sem hlutadeigandi umboðsmaður hefir lagt með, að þurrabúðir þær, sem á jörðum þessum eru, eða þeim hlutum þeirra, er landssjóður á, verði lagðar í eyði, og að húsinn verði, þegar ábúendur hafa skilað þeim af sjer með löglegri úttektargjörð, seld á opinberu uppboði, og andvirði þeirra ásamt væntanlegum álagsupphæðum verði greitt í landssjóð ásamt öðrum tekjum Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

\*) Fyrirspurnaratriðin voru þessi:

1. Hver sje hinn rjetti skilningur um skilyrðin fyrir sölu á fjármunum Gests.
2. Hvort sýslumaðurinn hafi gjört rjett í því að gefa ekki út vegabrjef til flutnings á Gesti svo tímanlega, að flutningurinn hefði getað farið fram vorið 1892, eins og um var beðið.
3. Hvað hreppsnefndin eigi að gjöra í þessum og líkum tilfellum, sem hafi komið og kunni að koma fyrir.

**73** 25. júní Að svo miklu leyti sem lóðir hafa fylgt þurrabúðunum, sem landssjóð-ur hefir fengið afgjald af, ber að senda upplýsingar um upphæð afgjaldanna og tillögur um, hve mikið skuli hækka leigumála jarðanna.

**74** 1. júlí **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um leyfi til lotterihalds** (ágrip). — Með brjefi þessu var »hinu islenzka kvennfjelagi« leyft að halda »lotterí« um kvennsöðul, 6 silfurskeiðar og gibsmýnd af gyðjunni Íðunni, gefa út 2000 seðla og selja hvern á 25 aura, til inntektar fyrir »háskólasjóð Íslands«.

## Reglur

**75** 1. ágúst fyrir umferð um brúna á Ölfusá hjá Selfossi.

### 1. gr.

Enginn má fara yfir brúna harðara en klyfjagang, hvort sem hann er ríðandi eða hann teymir eða hann rekur hesta, einn eða fleiri.

### 2. gr.

Hesta með klyffjum má aldrei reka yfir brúna, heldur skal ávallt teyma þá, og hesta með trjádrætti skal ávallt teyma einn og einn.

### 3. gr.

Lausa hesta og stóð má aldrei reka yfir brúna fleiri í einu en 10, og ber öllum, sem yfir brúna fara, að haga svo ferð sinni, að aldrei sje fleiri hestar en 10 á brúnni í einu. Nautgripi má ekki fara með yfir brúna nema einn í einu, og þannig, að tveir menn fylgi hverjum.

### 4. gr.

Brot á móti reglum þessum varða sektum, allt að 100 krónum, sbr. lög 24. nóv. 1893, 1. gr., og fær sá, sem broti kemur upp, helming sektarinnar. Verði nokkur uppvís að því að hafa skemmt brúna af ásettu ráði, þá varðar það fangelsi eða sektum samkvæmt 295. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Reykjavík 1. ágúst 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

### Styrkur til uppgjafapresta og prestsekkna.

Á Synodus, er haldin var 4. dag júlímánaðar, var fje því, að upphæð 3000 kr., sem veitt er í 13. gr. A. b. 5 í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895 auk 500 kr. af prestaekknasjóðnum og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauda, samtals 3581 kr. 40 a., úthlutað á þann hátt er hjer á eptir segir, og úthlutunin samþykkt með brjefi landshöfðingja 5. júlí að því er landssjóðsstyrkinn snertir:

#### A. Uppgjafaprestar:

1. Síra Benedikt Eiríksson	frá Holtþingum . . . . .	35 kr.
2. — Þorvaldur Bøðvarsson	— Saurbæ . . . . .	75 —
3. — Jón Bjarnason	— Skarðsþingum . . . . .	35 —
4. — Jón B. Thórarensen	— Saurbæjarþingum . . .	81,40
5. — Magnús Gíslason	— Sauðlauksdal . . . . .	80 —
6. — Einar Vernharðsson	— Stað í Grunnavík . . .	50 —
7. — Tómas Þorsteinsson	— Reynistað . . . . .	30 —
8. — Gunnar Ólafsson	— Höfða . . . . .	50 —

436,40